

## REGLUGERÐ

### um daggjöld dvalarheimila og dagvista og húsnæðisgjald vegna viðhalds öldrunarstofnana fyrir árið 2010.

#### 1. gr.

##### *Dvalarheimilisgjöld og gjöld fyrir dagvistun.*

Daggjöldum vegna dvalarheimila fyrir aldraða og vegna dagvistunar aldraðra er ætlað að mæta eðlilegum rekstrarkostnaði án viðhalds húsnæðis og skulu vera sem hér segir frá 1. janúar 2010:

- |  |            |
|--|------------|
| 1. Vistgjald á dvalarheimili fyrir aldraða     | 9.267 kr.  |
| 2. Gjald á dagvistun fyrir aldraða             | 4.283 kr.  |
| 3. Gjald á dagvistun fyrir aldraða heilabilaða | 10.388 kr. |

Innifalið í dagvistunargjaldi er nauðsynlegur flutningskostnaður vistmanna. Þeir sem njóta þjónustu dagvistar skulu greiða 850 kr. á dag, sbr. 19. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Greiða skal vistgjald til dvalarheimilis fyrir aldraða frá upphafi dvalar og til loka þess mánaðar sem vistmaður er tekinn inn á heimilið. Vistgjald þetta skal ekki hafa áhrif á bætur Tryggingastofnunar ríkisins til vistmannsins, greiðslu Tryggingastofnunar á vistunarframlagi til dvalarheimilisins og þátttöku vistmanns í greiðslu dvalarkostnaðar, sbr. 21. og 22. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða daggjöld samkvæmt þessari grein.

#### 2. gr.

Innifalín í daggjöldum samkvæmt reglugerð þessari er hvers konar þjónusta, sem vistmönnum er látin í té á stofnunum, sbr. meðal annars reglugerð nr. 422/1992 um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

#### 3. gr.

##### *Húsnæðisgjald vegna viðhalds.*

Tryggingastofnun ríkisins skal greiða gjald til að mæta viðhaldskostnaði húsnæðis sem nýtt er til reksturs á dagvistunar-, dvalar- og hjúkrunarrýmum. Gjaldið árið 2010 er 2.878 kr. á m<sup>2</sup> á ári og reiknast að hámarki á 60 m<sup>2</sup> á hvert hjúkrunar- og dvalarrými að meðtöldu sameiginlegu rými og að hámarki 30 m<sup>2</sup> á dagvistunarrými að meðtöldu sameiginlegu rými. Gjaldið reiknast aldrei á stærra rými en sem stærð húsnæðisins nemur.

Húsnæðisgjaldi er ætlað að standa undir öllu almennu viðhaldi húsnæðis en ekki stofnkostnaði, afskriftum eða meiriháttar breytingum og endurbótum á húsnæði.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 6. og 10. mgr. 48. gr., sbr. 70. gr., laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, sbr. 1. mgr. 21. gr., 1. mgr. 22. gr. og 29. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra, öðlast gildi 1. janúar 2010.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. desember 2009.*

**Árni Páll Árnason.**

*Bolli Þór Bollason.*